



Reykjavík, 4. maí 2026

MSS25110132

UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn um tillögu fulltrúa Framsóknarflokksins um skólaakstur barna í Kvennaathvarfi

Á fundi mannréttindaráðs þann 5. mars 2026, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins:

Framsókn leggur til að mannréttindaráð samþykki að óska eftir því við velferðarráð að Reykjavíkurborg greiði fyrir skólaakstur reykvískra barna sem dvelja í Kvennaathvarfinu fjarri heimili sínu. Gert er ráð fyrir að útfærslan sé á höndum velferðarsviðs í samvinnu við Kvennaathvarfið. Í Kvennaathvarfinu dvelja mörg börn á hverjum tíma með mæðrum sínum, en athvarfið er oft staðsett langt frá heimaskólum barnanna. Ekki hafa allar mæður aðgang að bíl eða tók á að koma börnum sínum í skóla.

Jafnframt var lögð fram umsögn Kvennaathvarfsins um tillöguna, dags. 11. febrúar 2026.

Tillagan var samþykkt og að vísað til meðferðar velferðarráðs.

Umsögn:

Velferðarsvið tekur jákvætt í þá umræðu sem skapast hefur um skólaakstur barna sem dvelja í Kvennaathvarfinu og mikilvægi þess að tryggja börnum í þessum aðstæðum öruggt og stöðugt námsumhverfi.

Börn sem dvelja í Kvennaathvarfinu koma oft úr fleiri sveitarfélögum en Reykjavík og geta verið staðsett fjarri heimaskóla sínum. Fjárhagsleg staða kvenna sem leita í athvarfið er jafnframt mjög misjöfn og sjaldan á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Í gildandi reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð er ekki kveðið á um úrræði sem nær til skólaaksturs barna við þessar aðstæður og telst þjónustan því ekki hluti af fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Hins vegar er mögulegt að skoða útfærslu stuðnings út frá barnaverndarsjónarmiðum, í samræmi við barnaverndarlög nr. 80/2002, þar sem meginmarkmið er að tryggja hagsmuni og velferð barna sem búa við erfiðar og ótryggar aðstæður. Slík útfærsla kallar á faglegt mat í hverju tilviki og náið samráð við sérfræðinga Kvennaathvarfsins.



Reykjavík



Reykjavíkurborg hefur um árábil veitt Kvennaathvarfinu styrki á grundvelli þjónustusamninga. Núverandi styrktarsamningur milli Reykjavíkurborgar og Samtaka um Kvennaathvarf gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2024 til 31. desember 2026. Sá samningur tekur til skilgreindrar þjónustu við konur sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi og börn þeirra, en kveður ekki sérstaklega á um skólaakstur barna.

Velferðarsvið telur að eðlilegt sé að skoða hvort og með hvaða hætti megi skilgreina akstur barna til og frá skóla sem hluta af styrktri þjónustu við Kvennaathvarfið, fremur en að tengja hana einstaklingsbundinni fjárhagsaðstoð eða barnaverndarvinnslu. Slík lausn myndi tryggja jafnræði barna óháð búsetusveitarfélagi og fjárhagsstöðu foreldra, auk þess sem hún væri í samræmi við þá faglegu nálgun sem Kvennaathvarfið byggir starf sitt á. Útfærsla þjónustunnar yrði þá á ábyrgð Kvennaathvarfsins, í samráði við Reykjavíkurborg.

Jafnframt er mikilvægt að skýrt sé að skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar heldur utan um skólaakstur fyrir börn og því þarf hugsanleg útfærsla að vera unnin í nánú samstarfi við skóla- og frístundasvið, auk velferðarsviðs og Kvennaathvarfsins, þannig að ábyrgð og verkaskipting milli sviða sé skýr.

Að mati velferðarsviðs er því rétt að skoða áfram hvort setja megi ákvæði um skólaakstur barna sem dvelja í Kvennaathvarfinu inn í næsta styrktarsamning við athvarfið, eða gera sérstakt viðbótarsamkomulag um slíka þjónustu, að undangengnu nánara mati á umfangi, kostnaði og framkvæmd.

